

Reykjavík, 7. nóvember 2024

MIR

### Tillaga að breytingu á gjaldskrá Meinadýravarna Reykjavíkurborgar

Lagt er til að menningar- íþróttá- og tómsundarráð samþykki meðfylgjandi drög að Gjaldskrá meindýravarna Reykjavíkur. Meindýravarnir fluttust frá Umhverfis og skipulagssviði yfir til MÍR í janúar 2024 og hefur verið í rekstri Dýraþjónustu Reykjavíkurborgar.

Í Gjaldskránni er gert ráð fyrir því að meindýravarnir hætti að sinna útköllum vegna músa hjá almenningi en haldi áfram að sinna starfstöðum borgarinnar. Þá munu Meindýravarnir sjá um eyðingu á rottum og minkum áfram.

Innheimt verður tímagjald vegna þjónustu Meindýravarna 6.490 kr per klst. Samþykkt gjaldskrá er undir kostnaðarverði vegna vinnu starfsmanna og er lagt til að hækka gjaldskrána upp að kostnaðarverði fyrir þá vinnu sem að Meindýravarnir eru að vinna fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Akstrinum verður haldið óbreyttum.

Gjaldskrá Meindýravarna	Ný tillaga á gjaldskrá 2025	Samþykkt gjaldskrá 2025	Gjaldskrá 2024 frá USK
Lýsing	Verð	Var samþykkt	Verð var
Skráningargjald	0	0	0
Þjónustuverkefni, kls.	6.490	4.930	4.760
Akstur	2.070	2.070	2.000

Virðingarfyllt,

Andrés B Andreasen,  
fjármálastjóri

Hjálagt: Drög að Gjaldskrá Meindýravarna Reykjavíkur.

## GJALDSKRÁ

### Meindýravarna á vegum Dýraþjónustu Reykjavíkur.

#### 1. gr.

Fyrir þjónustu, búnað og efni til meindýravarna á vegum Dýraþjónustu Reykjavíkur skal Dýraþjónusta Reykjavíkur innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

#### 2. gr.

Tímagjald skal innheimt fyrir eyðingu meindýra en þó skal ekkert gjald tekið fyrir eyðingu á ~~músum~~ og rottum og minkum. Tímagjald vegna þjónustuverkefna, úttekta og gjald fyrir akstur skal vera sem hér segir:

Tímagjald 6.490 kr./klst.

Akstur 2.070 kr./ferð.

#### 3. gr.

Fyrir efni og annan búnað tengdum meindýraeyðingunni skal greiða gjald m.v. innkaupaverð og notað magn efnis ásamt 50% umsýsluþóknun.

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af borgarráði Reykjavíkur, með heimild í 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. janúar 2024 eftir birtingu í stjórnartíðindum. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá Meindýravarna Reykjavíkurborgar nr. 998/2023.

Borgarstjórinn í Reykjavík, 1. janúar 2025.

**Einar Þorsteinsson**